


Jóhann Hjálmarsson




STIKUR

Máfurinn í okkur öllum

METSÖLUBÓKIN í Bandaríkjunum um þessar mundir er dálítið kver, sem nefnist Jonathan Livingston Seagull. Bókin hefur selst í tveimur milljónum eintaka. Höfundurinn er Richard Bach, fyrrverandi orustuflugmaður. Hann er 36 ára og hefur áður skrifað þrjár bækur um flug.

Jónatan Livingston máfur, eins og við getum kallað bókina á íslensku, er saga einkennilegs máfs, sem settir sig ekki við þá siðareglu máfanna að máfurinn fljúgi aðeins til að afla sér fæðu. Hann vill gera flugið að list, reyna nýjar leiðir, ná meiri hraða. Með því að læra af fálkanum að draga að sér vængina svo að aðeins broddarinn sé út getur hann flogið með 424 km hraða á klukkustund. Þótt honum hafi verið kennt að máfar fljúgi ekki í myrkri gerist hann svo djarfur að reyna þótt hann sé í næturflugi. Hann öðlast sífellt meiri þekkingu á tækni flugsins og vex við það ásmegnin. En máfarnir fyllast beiskju í garð þessa sérvitra máfs, sem hefur gerst brotlegur við lög þeirra. Hann er kallaður fyrir máfaráðið og dæmdur til útskýfningar fyrir að hafa virt hefðir máfakynstofnsins að vettugi. Honum er sagt að ábyrgðarleysi hans muni koma honum í koll. Það eina, sem við vitum með vissu um lífið, segja máfarnir, er að við komum í heiminn til að afla okkur fæðu og lifa þar til yfir lýkur. Það gagnar lítið þótt Jónatan



Richard Bach

biðji máfana að hlusta á sig. Nú hefur lífið tilgang, segir hann; við verðum að læra, kanna heiminn, skynja frelsið.

Jónatan flýgur burt. Hann er dæmdur til einveru. En verst þykir honum að hinir máfarnir vilja ekki hlusta á hann, ekki eignast hlutdeild í þeirri merkilegu reynslu, sem flugið veitir. Um kvöldið koma tveir stjörnuþjartir máfar og sækja

hann. Þeir taka hann með sér inn í paradís máfanna. Þar eru allir máfar sammála um að tilgangur lífsins sé að fljúga. Jónatan lærir hina æðri list flugsins. Fullkomnun er nærri. En jafnvel í paradís máfanna eru takmörk sett. Hinn gamli og vitri máfur Chiang segir Jónatan að skilningur á himninum fáið ekk með því að miða allt við tíma og rúm. Hann verður að læra að fljúga í því skyni að ná andlegum þroska. Fangi sinna eigin takmarka verður hann að læra hið frjálsa flug hugans. Hið sanna eðli flugsins er kærleikur. Sérhver máfur er skapaður í líkingu Hins Mikla Máfs og þráir að fljúga eins og hann. Þegar Jónatan hefur tileinkað sér þennan lærdóm getur hann snúið aftur til jarðarinnar til að skýra öðrum máfum frá boðskapnum um kærleik flugsins.

Jónatan máfur er frelsistákn, sigur andans yfir efninu. Um leið er hann lofsöngur um einstaklingshyggju, dýrkun hins einstæða og dirfskufulla, þess, sem fer ekki alfaraleið. Jónatan má líka kalla Jesúmáf, hugleiðslumáf í guðspekilegum skilningi. Hann er í senn fugl og maður, tákn endalausrar leitar. Richard Bach tileinkar bókina hinum raunverulega Jónatan máfi, sem býr í okkur öllum.

Jónatan Livingston máfur kom fyrst út í litlu upplagi árið 1970.

Illa gekk að fá útgefanda að honum vegna þess að erfitt var að átta sig á hvort bókin var handa börnum eða fullorðnum. Sama má að visu segja um margar aðrar frægar bækur, til dæmis Litla prinsinn eftir Saint-Exupéry, en Ernest K. Gann er meðal þeirra, sem líkt hafa þessum tveimur bókum saman. Önnur bók hefur verið nefnd í sömu andrá: Spámaðurinn eftir Kahlil Gibran. Varla verður bók Bachs spáð jafn miklu langlífi og Litla prinsinum. Vinsældir Jónatans má eflaust skýra á ýmsa vegu. En ekki er fráleitt að halda að hinn gífurlegi áhugi á hvers kyns bókum um guðspekileg efni, sem nú er víða áberandi, eigi sinn þátt í þeim. Bókin er að minnsta kosti á köflum, einkum í frásögninni af paradísarvist máfsins, í guðspekilegum anda. Fyrsti hluti bókarnar (þeir eru þrír) er að mínu viti best saminn. Hann er eins og ævintýri. En eftir að máfarnir tveir eru komnir með Jónatan til paradísar eða himnaríkis máfanna hefst umræða, sem er mótuð af heilræðum, speki, sem nóg er til af. Það er fyrst og fremst hinn ljóðræni þáttur bókarnar, sem gefur henni gildi. Sá einfaldleiki í frásögn, sem Richard Bach hefur á valdi sínu og nýtur sín best í lýsingum á fluginu sjálfur og náttúrunni, lyftir henni yfir það meðallag, sem hún hefði annars auðveldlega hafnað í.

Sú útgáfa af Jónatan máfi, sem dreift er í Evrópu, er gefin út af Turnstone Press Ltd. í London. Bókin er skreytt listrænum ljósmyndum af máfum eftir Russell Munson.

BÓKMENNTIR & LISTIR

Listsýningar

Guðni Hermansen, Norræna húsið.

Listasafn A.S.Í, Hamragarðar. Sýning til styrktar Vestmannaeyingum, Listasafni Íslands.

UNDANFARNA daga hefur staðið yfir í sýningarsölum Norræna hússins, sýning á málverkum Guðna Hermansen frá Vestmannaeyjum, sem er fyrir ýmsa hluti sérstæð og verð athygli. Ég hef aðeins einu sinni áður séð verk eftir Guðna og var það á sýningu í Casa Nova fyrir nokkrum árum og voru það þá ófreskar figúrur og fantasíur, sem voru allsráðandi í myndsköpun hans, og jafnframt auðséð á öllu, að hér var óskólaður maður á ferð.


Miklar breytingar hafa orðið á myndheimi þessa myndlistarmanns frá áðurnefndri sýningu, sem kemur greinilegast fram í mikilli sjálfsköpun og ögun, þannig að tæknin er slík í myndum hans er bezt lætur, að með ólíkindum er frá hendi óskólaðs listamanns úr landsbyggðinni. Þó mun ekki vandséð, að Guðni muni hafa gengið í smíðju æskufélaga síns, Sverris Haraldssonar, því að tæknilegur skyldleiki milli þeirra kemur áberandi fram í ýmsum myndum á sýningunni. Guðni Hermansen á þó til persónuleg viðhorf óskyld lærimeistararum, og þegar þau koma greinilegast fram og eru beizluð sjálfskólaðri tækni, nær hann að mínu viti beztum árangri, svo sem í myndunum: „Grettir og Glámur“ (4), „Brimur“ (9), „Þjóðhátíðin í Eyjum“ (12) og „Hvöld“ (24), ásamt fleirum í líkum dúr. Áberandi er hve Guðna er miklu sýnna að vinna huglægt en hlutlægt, öryggið er ólíkt meira í huglægu

verkunum, og þar kemur fram stórum margslungnari og samhverðugri tækni en þegar kynja-verur skjóta upp kollinum einhvers staðar í myndheildinni án sýnilegs tilgangs, enda kastar hann þá til höndunum. Og þrátt fyrir allt er þessi huglægi heimur hans harla náttúralistiskur, en sem annars heims. Það er jafnan ánægjulegt þegar listamenn frá landsbyggðinni koma okkur höfuðborgarmönnum á óvart, svo sjaldgæft sem það eðlilega er, enda engir listaskólar finnast annars staðar og þegar slíkt kemur fyrir er sjálfsagt að opna þeim allar dyr, veita þeim alla mögulega aðstoð.

Ég voni að Guðni láti ekki staðar numið, heldur haldi áfram að skóla sig vægðarlaust og mun honum þá efalaust vel farnast.

x x x

Ég vil vekja athygli á litilli en ljómandi fallegri sýningu sem Listasafn A.S.Í. kom upp í félagsheimili samvinnumannna að Hamragarðum við Hávallagötu nú fyrir skömmu og lauk víst um sl. helgi. Mér þótti óskiljanlegt að þessi fallega sýning skyldi standa yfir í aðeins eina viku og skil ekki þá tilhögun. Húsnæðið virðist afar hentugt fyrir smáar sýningar og er að



Guðni Hermansen vinnur að „Hefnd Helgafells“ í fyrri. (Ljós. Mbl.: S.urgeir).

auki vel staðsett í Vesturbænum. Það er einhvern veginn svo notaleg stemning þarna, líkust því sem maður rekst einungis á á stöku stað í stórborgum hámenningarþjóða. Væri það ekki athugandi að hafa þarna nokkrar úrvalssýningar á ári framvegis?

x x x

Nýlengið er allövenjulegri sýn-

ingun í nokkrum söllum Listasafns Íslands, sem sett var upp af Félagi íslenskra myndlistarmanna í samráði við safnið. Var félagsmönnum og öðrum frjálst að senda inn myndir og skyldi hver og einn setja lágmarksverð á myndir sínar, en almennungi síðan gefinn kostur á að gera tillit til verkin. Tilgangurinn var að sjálfsögðu að safna í sjóð til

styrktar Vestmannaeyingum. Þá var sýningarskráin, sem seld var á 100 kr. jafnframt happdrættismiði og vinningar nokkur verk þjóðkunnra listamanna. Sýningin mun hafa gengið vel, einkum þegar tekið er tillit til þess fimbulkulda, sem ríkti allan sýningartímann. Báða sunnudagana, sem sýningin var opin, varð hún að berjast á tveim vígstöðvum, annars vegar við veðurofsa og hins vegar við uppfærslu sýningar Brekkukotsannála í sjónvarpinu! Óheppilegra gat það varla verið. . . .

Þessi aðferð til tekjuöflunar hefur aldrei verið notuð áður hér landis, svo að á engu var að byggja, en ég hygg að reynslan sem af þessu hefur fengizt sé mjög dýrmæt fyrir félöguna samtök myndlistarmanna.

Dragi R. S. Eirsson skrifar um MYNDLIST